

Árborg - Ráðhús Árborgar  
Austurvegi 2  
800 SELFOSS

Garðabær, 31. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0036  
SS

## Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu íbúðarsvæðis við Hjalladæl á Eyrarbakka

Vísað er í tölvubréf frá Sveitarfélaginu Árborg sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 21. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Eyrarbakka við götuna Hjalladæl.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna. Um er að ræða stækkun á núverandi byggð með því að skilgreina fleiri lóðir og byggingarreiti við götuna Hjalladæl. Reitirnir eru á óbyggðu svæði í jarðri byggðar en um er að ræða tún og akurlendi að mestu sem og graslendi og jaðra votlendis. Svæðið er mótað af beit og annarri notkun og því alls ekki ósnortið og ekki metið með hátt verndargildi. Stefnt er að því að hlífa sjálfri Hjalladælinni sem er votlendislægð. Lóðir eru þó skilgreindar töluvert nálægt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið þar sem jákvætt er að nýjum lóðum sé fundinn staður þétt við núverandi byggð frekar en að taka undir ný svæði en í Flóanum er almennt töluvert ásókn í land fyrir margs konar notkun og hefur það valdið raski á votlendisheildum og búsvæðum fugla en allt Suðurlandsundirlendið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Huga þarf að því að forðast allt óþarfa rask og líklegt er að töluvert sé um varp mófugla á svæðinu og taka þarf tillit til þess á varptíma.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar

